

## 2. Það sem gera þarf þegar þú hefur ákveðið að auglýsa eitt eða fleiri námskeið sem aðgengileg öllum. Skilgreina þarf:

- **Markmið og tilgang námskeiðsins eða námskeiðanna.**

Hvaða markmið þarf að aðlaga eða breyta. Það getur til dæmis snúist um færni, félagslegan ávinning, persónulegan þroska, valdeflingu.
- **Innihald og skipulag**

þarf að aðlaga innihald og fyrirkomulag að þörfum fatlaða markhópsins?
- **Kennsluaðferðir, námsefni, tímarammi, kennsluaðstæður.**

Námsefnið: þarf auðlesinn texta, stækkað letur, lit á pappír, myndræn tákni eða hluti, annað?  
Lengd kennslustunda, hversu mörg kennsluhlé, hversu margar kennslustundir í senn?
- **Stuðningur**

Túlkun / jafningjastuðningur / aðstoðarmaður í kennslu / persónulegur aðstoðarmaður?  
Fundur með kennara / námsráðgjafa?  
Óhefðbundið mat.?